

Aðalfundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins

haldinn mánudaginn 29. apríl 2024, kl. 10

í Árnesi, Þjórsárdal

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir.

GF setti fundinn og tók jafnframt að sér fundarstjórn. VJ ritar fundargerð.

Ársskýrsla 2023

Fyrir liggur ársskýrsla 2023.

Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins fundaði sjö sinnum á árinu. Fyrri stjórn hélt þrjá fundi en eftir að ný stjórn tók við fundaði hún fjórum sinnum.

Umræður fór fram um helstu atriði í ársskýrslunni.

HÞ lýsti ánægju sinni með samstarf stjórnarinnar og úrlausn þeirra verkefna sem hafa komið upp og unnið hefur verið að á árinu. Aðrir fundarmenn tóku undir þetta og sögðust ánægðir með samstarfið.

Stjórnin undirritaði ársskýrsluna og VJ mun kynna ráðuneytinu hana, sbr. ákvæði í máldaga.

Ársreikningur 2023

Fyrir liggur ársreikningur 2023. Farið yfir ársreikninginn og helstu atriði hans. Umræður fóru fram.

GF ræddi um uppsögn á föstum kostnaði eins og t.d. síma, hýsingu vefsíðu og áskrift af Google Workspace. Þessi þjónusta er ekki í notkun varðandi rekstur bæjarins. GF mun gagna í að segja upp þeim kostnaði sem hægt er að segja upp.

BHÁ mun kanna hvort sveitarfélagið geti tekið yfir heimasíðuna og hýsingu hennar: thjodveldisbaerinn.is.

Farið yfir viðhalds- og umhirðukostnað ársins 2023. Á árinu varð kostnaður vegna slátturs, að fjárhæð kr. 447.500. Stjórn sammála um að rekstraraðili eigi að sjá um sláttur og bera kostnað af því. Stjórn mun koma þeim skilaboðum til rekstraraðila á næsta fundi með þeim.

Stærsti kostnaðarþátturinn í tengslum við viðhald á árinu 2023 var vegna viðhalds á loftræsikerfi. Um var að ræða kostnað að fjárhæð kr. 782.000.

GF upplýsti um að ábending hefði komið frá endurskoðenda um að enginn væri skráður prókúruhafi. Umræður fóru fram og mögulega þarf stjórnin að sammælast um að veita formanni stjórnar prókúru.

Vegna fjárframlags Landsvirkjunar til rekstrar Þjóðveldisbæjarins árið 2023 bókar VJ eftirfarandi athugasemdir:

Í gildandi máldaga fyrir Þjóðveldisbæinn, sem Landvirkjun er aðili að, segir í 6. gr. að Landsvirkjun leggi hússtjórn til ígildi tveggja stöðugilda fyrir það tímabil sem Þjóðveldisbærinn er opinn gestum og að til viðbótar leggi Landsvirkjun 1 m.kr. til rekstursins á hverju ári. Aðrar tekjur Þjóðveldisbæjarins eru 2 m.kr. framlag ríkisins og aðgangseyrir og tekjur af afnotum bæjarins, sbr. 7. gr. máldagans.

Þetta fyrirkomulag, þar sem Landvirkjun greiddi fyrir starfsfólk bæjarins, tryggði að tekjur af aðgangseyri (afnotum og vörusölu) runnu óskiptar til Þjóðveldisbæjarins. Fram til ársins 2023 voru umræddar tekjur á bilinu 4-6 m.kr. Fyrir rekstrarárið 2022 námu umræddar tekjur kr. 4.650.000. Þetta fyrirkomulag, sem kveðið er á um í gildandi máldaga, tryggði jafnframt að byggst hefur upp nokkur framkvæmdasjóður til að standa straum af kostnaðarsömu viðhaldi bæjarins. Fyrri ársreikningar staðfesta þetta.

Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi vegna rekstrarársins 2023 er ljóst að tekjur Þjóðveldisbæjarins hafa lækkað umtalsvert. Breytingarnar eru til komnar vegna rekstrarsamnings sem fyrri hússtjórn gerði við rekstraraðila um rekstur bæjarins.

Leigutekjur Þjóðveldisbæjarins af gildandi samningi við rekstraraðila vegna 2023 voru engar. Ljóst er að leigutekjur munu aukast eftir því sem að gestum fjölgar en samningurinn gerir ráð fyrir að sú aukning komi fram í áföngum. Markmið rekstrarsamningsins er að leigutekjur muni standa undir viðhaldi bæjarins til lengri tíma litið. Ljóst er að þetta mun taka tíma og ekki fyrirséð að muni gerast á allra næstu árum.

Rekstrarniðurstaða ársins 2023 sýnir að hreinar tekjur Þjóðveldisbæjarins hafa lækkað um 4,6 m.kr. frá árinu 2022. Rekstrarárið 2022 nam framlag Landsvirkjunar til hússtjórnar samtals kr. 10.260.083. Inni í þeirri fjárhæð er launakostnaður sem Landvirkjun hafði af rekstri Þjóðveldisbæjarins (kr. 9.260.083). Samkvæmt ársreikningi 2023 er ljóst að framlag Landsvirkjunar til rekstrar Þjóðveldisbæjarins var kr. 1.000.000 (rekstrarstyrkur). Að auki hefur hússtjórn ekki lengur tekjur af aðgangseyri og vörusölu eins og áður greinir.

Vegna þessa er fyrir hönd ráðuneytisins lýst áhyggjum af þeim samdrætti sem orðið hefur í rekstrartekjum Þjóðveldisbæjarins samhliða breyttu rekstrarfyrirkomulagi. Ljóst er að aðilar máldagans þurfa að bregðast við þeim breytingum sem orðið hafa á tekjustreymi til Þjóðveldisbæjarins ef takast á að standa undir þeim umfangsmiklu og kostnaðarsömu viðhaldsframkvæmdum sem nauðsynlegar eru á bænum næstu árin.

Vegna þessa bókar GF eftirfarandi:

Landsvirkjun tekur undir þær áhyggjur sem að ráðuneytið setur fram í bókun sinni.

Landsvirkjun hefur um árabil stutt myndarlega við rekstur Þjóðveldisbæjarins bæði með því að ráða starfsfólk til að þjónusta gesti eins og máldagi kveður á um og með rekstrarstyrk. Hvoru tveggja hefur verið safnað í sjóði þá sem þarf til viðhalds bæjarins. Til viðbótar við framangreind framlög samkvæmt máldaganum hefur Landsvirkjun lagt til bæði vinnu og annað framlag utan þess sem tekið er fram í máldaga. Með breytingum á rekstrarfyrirkomulagi er stefnt að því að gera rekstur bæjarins sjálfbæran ásamt því að

tryggja þá fjármuni sem þarf til viðhalds bæjarins. Það er þó ljóst að sú breyting mun taka nokkurn tíma.

Æskilegt er að brugðist verði við þeim breytingum í takti við endurskoðaðan máldaga þannig að hann endurspegli bæði breytt rekstrarfyrirkomulag og þörf á nauðsynlegu viðhaldi Þjóðveldisbæjarins.

Umræður fóru fram um fjárframlag Landsvirkjunar. HP tók undir sjónarmið VJ og BHÁ lýsti áhyggjum af fjárhagsstöðunni.

Allir stjórnarmenn undirrituðu ársreikninginn. Ársreikningurinn gefur rétta mynd af rekstri ársins 2023, sbr. þó framkomnar athugasemdir.

Stjórn sammála um að bregðast þurfi við breyttu tekjustreymi og að hefja þurfi viðræður um endurskoðun máldagans. GF og VJ munu koma því samtali í kring.

Viðhaldsframkvæmdir

Rætt var um nauðsyn á viðhaldi bæjarins. Stjórn sammála um að vinna að langtímasýn á nauðsynleg viðhaldsverkefni, gera framkvæmdaáætlun og kostnaðaráætlun. Stjórn sammála um að þetta sé verkefni sumarsins og mikilvægt að þetta liggja fyrir sem fyrst.

HP falið að koma þeirri vinnu í gang með sérfræðingum Þjóðminjasafnsins. HP mun hafa samband við Stokka og steina, sem hafa hingað til hafa komið að nauðsynlegu viðhaldi bæjarins, sem og aðra sérfræðinga.

Innviðamál voru rædd, þ.e. rafmagn, vatnsmál og fráveita (rotþró). Stjórn sammála um að orðið sé aðkallandi að fá niðurstöðu um kostnaðarskiptingu og þátttöku sveitarfélagsins í þeim verkefnum. BHÁ mun óska eftir því við sveitarstjóra að fá þessi málefni á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar

Fleira ekki gert.

Fundi slitið 10:50